

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 100/2003

frá 26. september 2003

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2003 frá 20. júní 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/626/EB frá 25. júlí 2002 um samþykkt áætlunar, sem Frakkland hefur lagt fram, um að útrýma svínapest í villtum svínunum í Moselle og Meurthe-et-Moselle ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/788/EB frá 10. október 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 82/894/EBE um tilkynningu dýrasjúkdóma innan bandalagsins ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/791/EB frá 10. október 2002 um aðra breytingu á ákvörðun 2002/161/EB að því er varðar neyðarbólusetningu villtra svína við svínapest í Nordrhein-Westfalen og Rheinland-Pfalz ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/807/EB frá 15. október 2002 um breytingu á ákvörðun 2000/807/EB um kerfi og kerfisskráningu fyrir tilkynningu dýrasjúkdóma samkvæmt tilskipun ráðsins 82/894/EBE ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/906/EB frá 15. nóvember 2002 um breytingu á ákvörðun 2001/783/EB að því er varðar verndar- og eftirlitssvæði með tilliti til blátungu á Ítalíu ⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 9.10.2003, bls. 4 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 51, 9.10.2003, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 200, 30.7.2002, bls. 37.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 274, 11.10.2002, bls. 33.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 274, 11.10.2002, bls. 40.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 279, 17.10.2002, bls. 50.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 313, 16.11.2002, bls. 30.

- 7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/975/EB frá 12. desember 2002 um að taka upp bólusetningu til stuðnings ráðstöfunum til að sporna gegn sýkingu af vægt smitandi fuglainflúensu á Ítalíu og um sérstakar ráðstafanir til eftirlits með flutningi ⁽⁷⁾ skal felld inn í samninginn.
- 8) Þessi ákvörðun gildir hvorki á Íslandi né í Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist eins og kveðið er á um í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Texti ákvarðana 2002/626/EB, 2002/788/EB, 2002/791/EB, 2002/807/EB, 2002/906/EB og 2002/975/EB á norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. september 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Prins Nikulás af Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 337, 13.12.2002, bls. 87.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

P.K. Mannes

M. Brinkmann

VIÐAUKI
við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2003

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 10. lið (tilskipun ráðsins 82/894/EBE) í hluta 3.1:

„- **32002 D 0788:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/788/EB frá 10. október 2002 (Stjtið. EB L 274, 11.10.2002, bls. 33).“
2. Eftirfarandi bætist við í 16. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/807/EB) í hluta 3.2:

„, eins og henni var breytt með:

- **32002 D 0807:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/807/EB frá 15. október 2002 (Stjtið. EB L 279, 17.10.2002, bls. 50).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 22. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/783/EB) í hluta 3.2:

„- **32002 D 0906:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/906/EB frá 15. nóvember 2002 (Stjtið. EB L 313, 16.11.2002, bls. 30).“
4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 25. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/52/EB) í hluta 3.2:

„26. **32002 D 0975:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/975/EB frá 12. desember 2002 um að taka upp bólusetningu til stuðnings ráðstöfunum til að sporna gegn sýkingu af vægt smitandi fuglaínflúensu á Ítalíu og um sérstakar ráðstafanir til eftirlits með flutningi (Stjtið. EB L 337, 13.12.2002, bls. 87).“
5. Eftirfarandi undirliður bætist við í 15. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/161/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2:

„- **32002 D 0791:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/791/EB frá 10. október 2002 (Stjtið. EB L 274, 11.10.2002, bls. 40).“
6. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 18. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/526/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2:

- „19. **32002 D 0626**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/626/EB frá 25. júlí 2002 um samþykkt áætlunar, sem Frakkland hefur lagt fram, um að útrýma svínapest í villtum svínunum í Moselle og Meurthe-et-Moselle (Stjttð. EB L 200, 30.7.2002, bls. 37).“